

Reykjavík 7.nóvember 2016



GRÓÐUR FYRIR FÓLK  
Í LANDNÁMI INGÓLFS

## Erindi: Ósk um flutning hrossataðs á vistvang af hálfu Hafnarfjarðarbæjar

Samtökin *Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF)* og *Hafnarfjörður* skrifuðu undir samning vorið 2016 um starfrækslu vistvangs í landi Hafnarfjarðar. (Um vistvang má fræðast á vefsíðu samtakanna á slóðinni <http://www.gff.is/article.aspx?id=116>.)

Landspildan sem um ræðir er um 300 ha að stærð og hana er að finna á því landsvæði sunnan Kleifarvatns sem tilheyrir Hafnarfirði og nær allt að suðurströnd Reykjanesskagans. Land þar er örfoka og raunar óvenju illa farið af gróðureyðingu miðað við að landið liggur á láglandi.

Ýmsir verða kallaðir til að vinna að endurheimt landgæða á vistvangi. Má þar ekki síst nefna nemendur Flensborgarskólans í Hafnarfirði sem voru fyrstu gerendur á vistvangi í apríl 2016 við trjáplöntun og dreifingu hrossataðs. Vorið 2017 er svo aftur von á heilum árgangi Flensborgarnemenda í sömu erindagjörðum í fylgd GFF og þannig er gert ráð fyrir aðkomu nemenda skólans að vorlagi um ókomin ár. Í vetur mun GFF einnig leita eftir samstarfi við grunnskóla í Hafnarfirði um þátttöku og útiskóla við uppgræðslu á vistvangi.

GFF og Hafnarfjarðarbær hafa átt farsælt samstarf um áraraðir varðandi nýtingu á hrossataði til uppgræðslu. Vettvangur þess samstarfs hefur verið nokkrum kílómetrum norðar en vistvangssvæðið, suður í Krýsuvík, í austurhlíðum Sveifluháls og á vesturbakka Kleifarvatns.

GFF óskar góðfúslega eftir því að Hafnarfjarðarbær sjái til þess að hrossatað úr hesthúsahverfinu í Hlíðarþúfum verði flutt á kostnað bæjarins á vistvang suður við Geitahlíð. Þar mun GFF sjá til þess að taka efnið til kostanna þannig að það nýtist m.a. hafnfirkri skólaæsku áfram sem áburður og uppgræðslumeðal við endurheimt landgæða á þessu svæði.

Gildi þess að græða upp örfoka land er fáum þjóðum eins kunnugt og Íslendingum. Vert er þó að minna einnig á hnattrænt gildi þess í okkar samtíma. Þörfin á mótvægisáðgerðum gegn aukningu kolefnis í andrúmsloftinu og gegn aðsteðjandi loftslagsbreytingum er krefjandi fyrir heimsbyggðina alla, svo ekki sé kveðið fastar að orði. GFF á nú í viðræðum um að fá fleiri sveitarfélög og fleiri aðila til að taka þátt í aðgerðum á vistvangi, skila þangað hrossataði og öðrum lífrænum úrgangi þannig að svæðið verði sterkt fordæmi um **náttúrugæði af mannavöldum**. Aðgerðir af þessu tagi eru í samhljóm við það ákall sem hljómar frá hverri loftslagsráðstefnunni á fætur annarri í dag: „Think globally, act locally.“

Með bestu kveðju:

Björn Guðbrandur Jónsson framkvæmdastjóri GFF

